

Stjórnarfundur LEB 30. apríl 2019 - fundur nr. 319

Kl. 10.00 – 13.15.

Mættir: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Haukur Halldórsson, Drífa Sigfúsdóttir, Ólafur Örn Ingólfsson, Ingólfur Hrólffsson, Valgerður Sigurðardóttir, Ellert Schram og Dagbjört Höskuldsdóttir. Guðrún Ágústsdóttir sat hluta fundarins.

Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.

1. **Landsfundur í apríl.** Hvernig gekk og hvað þarf að laga?
Fundurinn stóð í tvo daga. Seinni dagurinn var helgaður fræðslu. Rætt var um tímasetningu fundanna og Þórunn telur að best væri að aðalfundurinn væri í endaðan apríl. Illa hefur gengið að fá gild kjörbréf og fjölda fulltrúa frá félögunum, núna bárust síðustu kjörbréf rétt fyrir fundinn. Umræður urðu um fjölda fulltrúa frá Rvk félögunum. Þórunn þakkað Ellert fyrir húsnæðið og fordrykk á kvöldskemmtuninni, en fundurinn var haldinn í húsnæði Reykjavíkur félagsins. Þörf er á að yfirfara lög landsambandsins. Samþykkt að setja þá vinnu í gang í haust. Fundargerð Landsfundar liggur fyrir, en senda þarf hana til fundarstjóra, stjórnar og svo til félaganna til samþykktar.
2. **Ný stjórn að hefja störf, kynning og fræðsla.**
Stjórnin kynnti sig. LEB er með sína starfstöð í húsnæði Ungmennafélaganna. Sigurður Jónsson Garði er í stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra og var samþykkt að hann yrði áfram. Þórunn Sveinbjörnsdóttir er í nefnd um málefni aldraðra, Sigurður Jónsson er í Velferðarvaktinni, vill hætta. Haukur Ingibergsson er í Öldrunarráði Íslands til vors 2019. Rætt var talsvert um tölvuvæðinguna og hversu langt við værum komin í þeim málum.
3. **Hvaða verkefni eru í gangi ?**

LEB hefur árlega fengið fjárframlag frá Velferðaráðuneytinu sem var komið upp í 10 millj. Það var fellt niður, nánast fyrirvaralaust og LEB þarf nú að sækja um styrki fyrir öll sín verkefni. Það sem er í gangi af verkefnum eða lokið, er m.a. auglýsingarherferðin Gráa gullið, Aldraðir og tölvuheimurinn, Heimasíða LEB og Þróun öldungaráða, nemandi í Mastersnámi er að vinna að rannsókn í því verkefni. Akstur á efri árum náði ekki að fara af stað. Einnig var lagt upp í þróun og aðferðir við kynningu á starfslokánámskeiðum. nú þarf að gera upp þessar styrkveitingar við Velferðarráðuneytið. Á þessu ári fékkst fjármagn í tvö verkefni. Félagsstarf aldraðra, þáttaka innflytjenda og Velferðartækni, bækling fyrir eldri borgara. Það hefur verið rætt við ferðamálayfirvöld um aðgengismál aldraðra og öryrkja á ferðamannastöðum og gististöðum. Miklu minna fjármagn er til ráðstöfunar en á sl ári. Rætt aðeins um Öldrunarráð Íslands og starfsemi þess. Að ráðinu standa ýmis félagssamtök.

4. Fjármál LEB og greiðslur fyrir verkefni, vinnu og fleira

Sambandið stendur bærilega fjárhagslega. Útgjöldin eru launakostnaður, húsaleiga, almenn rekstrargjöld og ferðakostnaður sem er talsverður. Guðrún Ágústsdóttir hefur fengið greiðslur fyrir verkefni, en hún hefur líka unnið mikil sjálfbóðaliðsstörf fyrir LEB. Rætt var almennt um fjárhaginn, Fjárhagsáætlun þarf að endurskoða. Yfirfara þarf hana og var samþykkt að formaður, varaformaður og gjaldkeri annist þá endurskoðun, með fráfarandi gjaldkera og hún yrði lögð fyrir næsta fund. Til stendur að ráða starfsmann í haust.

5. Starfsmannahald og hvað svo? Verður rætt á næsta fundi þegar endurskoðuð fjárhagsáætlun liggur fyrir.

6. Samstarf við ÖBÍ og aðra? Rætt hefur verið um hvort við vildum taka þátt í stórum sameiginlegum baráttufundi í Háskólabíó með ÖBÍ. Var fólk á því að betra væri að halda fund í haust. Ellert ræddi um að lítið hefði komið út úr umbótum á kjörum aldraðra í svokölluðum Lífskjarasamningum. Hann lagði áherslu á að stærsta baráttumál LEB væri að bæta ellilífeyriskerfið og að stjórnvöld komi til móts við þá aldraða

sem væru fyrir neðan framfærslumörk. Var rætt um að mikil ástæða væri til að berja vel á ríkisstjórn og öðrum sem þessum málum stjórna. Haukur og Þórunn munu halda þessu máli gangandi og knýja á að fyrirhugaður framhaldsstarfshópur um kjör aldraðra muni taka til starfa. Verið er að setja lög um réttindi fólks sem tapað hefur réttindum með búsetu erlendis. Mun því vonandi ljúka fyrir áramót. Varðandi sameiginlegan fund með ÖBÍ voru menn á því að ef það væri bara þeir þá yrðum við ekki með, en ef að launþegasamtökin verða með væri rétt að taka þátt. Betra væri að hafa breiðara samstarf og urðu nokkrar umræður um hvort rétt sé að gera skil á milli baráttu aldraðra og öryrkja.

7. **Erindi hjá umboðsmanni Alþingis.** Umboðsmaður er tilbúinn til að taka að sér fleiri erindi frá LEB. Búið er að senda tvö mál. Annað snýr að ferðakostnaði sjúklinga utan af landi til Reykjavíkur. Hitt varðar lífeyrissjóðina. Lög gilda um lífeyrissjóði en nokkrir sjóðir vinna ekki eftir þeim lögum þ.e. sem snertir séreignina. Þriðja málið sem fyrirhugað er að setja inn er um fjárhagslegt sjálfstæði fólks sem er á hjúkrunarheimilunum.
8. **Vinna til 70 ára. Er það lögbrot?** Nú er komið fólk sem vill ganga lengra í baráttuaðferðum. Í gangi eru mál tveggja kvenna sem gert var að hætta sjötugum. Lögræðingurinn sem hefur starfað með LEB er Daniel Ísibarn.
9. **Fjölmiðlatengsl, net og facebook.** Semja þarf við Atla Rúnar Halldórsson sem annast heimasíðuna og rétt að skoða hvort ekki sé betra að sami aðili annist Facebook síðuna. Viðar Eggertsson hefur annast hana undanfarið með Þórunni. Ingólfur vakti máls á nauðsyn þess að aldraðir yrðu sterkari þrýstihópur.
10. **Ritnefnd og blað. Hvað gekk vel og hvað þarf að laga**
Blaðið hefur fengið góða dóma.

11. NÓRA eða önnur félagakerfi ?

Nóra er kerfi sem LEB getur fengið aðild að, en er ekki komið í gagnið. Það mundi nýtast bæði félögunum og LEB. Rétt er að skoða aðra valkosti. Við þurfum einnig að skoða kostnaðinn áður en gengið er endanlega frá samningum. Skoða þarf persónuverndarlögin. Samþykkt að ræða við lögfræðing um þetta.

12. Fréttabréf frá LEB eða ferðir um landið ? Rætt um ferðalög formanns og stjórnar um landið til að heimsækja félögin. Allir á því að það sé jákvætt. Góð tengsl eru nauðsynleg.

13. Önnur mál: 28. maí er skemmtidagskrá í Norðurljósasal Hörpu þar sem fagna á 50 ára afmæli lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði. Verið er að gefa út aðra prentun söngbókar sem heitir Rósin – söngbók heldri borgara. Bókin er tileinkuð eldri borgurum og Alzheimer samtökunum. Kiwanisklúbburinn Hraunborg er útgefandinn og Páll V. Sigurðsson tók efnið saman. Ætlunin er að fjármagna útgáfuna með styrk frá góðum bakhjörllum. Gott væri að félög eldri borgara myndu kaupa bókina. Ólafur Örn minntist á stöðu hjúkrunarheimila sem er ekki góð. Þórunn sagði frá fundi Miðflokksins þar sem Valgerður og Þórunn héldu erindi.

Fundi slitið.

Dagbjört Höskuldsdóttir, ritari.